

ÍÞRG3BL02

Búið til: Mon, 19 Oct 2020 13:23:30 GMT

Titill

Blak

Skammstöfun

ÍÞRG3BL02

Útgáfunúmer

25

Námsgrein

Íþróttagrein

Viðfangsefni

blak

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn er að mestu verklegur þar sem áherslan er blak fyrir keppnisfólk. Í áfanganum eru tækniatriði greinarinnar þjálfuð og æfð í gegnum æfingar, leiki og spilþarsem tækniatriðin eru flétt saman. Farið verður í ólíkar stöður á vellinum (leikfræði> uppspilari, miðja, kantur, díó og frelsingi) og þurfa nemendur að þekkja og skilja þessar ólíku stöður. Efni tengt viðfangsefninu verður sett á kennsluvef og nemendur vinna fjölbreytt verkefni, bæði verklega og bóklega, ýmist einir eða í hóp undir leiðsögn kennara. Nemendur þurfa að taka héraðsdómararéttindi í blaki (gert í samstarfi við Blaksamband Íslands).

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- reglum íþróttarinnar og taka Héraðsdómararéttindi í greininni
- hlutverkum leikmanna og staðsetningum
- tæknilegri útfærslu grunnatriða íþróttarinnar gegnum samsettar æfingar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja upp skipulagðan tímaseðil út frá getu iðkenda og markmiðum tímans
- meta reglur íþróttarinnar við að horfa á kappleiki, dæma hjá samnemendum
- geta spilað ólíkar stöður á vellinum
- útfæra krefjandi samsettar æfingar til að æfa viðfangsefnið

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka héraðsdómararéttindi í íþróttagreininni ...sem er metið með... Geta horft á blak og skilið leikinn, s.s. hvað sé verið að dæma, af hverju staðsetning leikmanna er eins og hún er o.s.frv.
- bera ábyrgð á því að skipuleggja og framkvæma kennslu hjá samnemendum þar sem grunnatriðin eru kennd
- meta eigin leik og annarra og komið með hugmyndir að því hvað má bæta og þá hvernig

- geta tekið þátt í umræðum um viðfangsefnin á faglegan og uppbyggilegan hátt

Námsmat

Áfanginn er metinn út frá verkefnum, mætingu, virkni, færni og áhuga

Skólar**Fyrirmynd**